



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 10. október 2018 varðandi eftirfarandi mál.

### Hlíðarendi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Kristjáns Ásgeirssonar dags. 9. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda. Breytingin felst í breyttu orðalagi og kvöðum er varða landnotkun á lóð A á skipulagssvæðinu. Lóð A verður blönduð íbúða- og atvinnuhúsaloð eftir breytingu í stað hreinnar atvinnuhúsaloðar. Að auki viðbót er varðar heimild fyrir leikskólastarfssemi á reitnum með leiksvæði í inngarði, samkvæmt uppdr. ALARK Arkitekta ehf. dags. 1. júní 2018. Einnig er lögð fram greinargerð ALARK arkitekta ehf. dags. 8. maí 2018. Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2018 til og með 17. ágúst 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Lex lögmannsstofa f.h. Dalhúss ehf. dags. 17. ágúst 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2018.

*Leiðrétt bókun frá fundi skipulags- og samgönguráðs frá 3. október 2018.*

*Rétt bókun er:*

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2018 með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Sofftu Jónsdóttur og Hjálmars Sveinssonar og fulltrúa Viðreisnar Gunnlaugs Braga Björnssonar.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Katrín Atladóttir, Hildur Björnsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka. "Við fögnum áformum um íbúðabyggð og leikskólastarfsemi á lóð A við Hlíðarenda, enda húsnæðisþörf mikil í borginni og æskilegt að fjölga leikskólarýmum. Við hefðum þó talið æskilegt að fresta afgreiðslu málsins á meðan beðið er niðurstöðu úr kærufjerli fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna breytinga á deiliskipulaginu."*

*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Örn Sigurðsson